

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs í janúar 2003

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs í janúar 2003. Uppgjörið hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstreymisýfirlit. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni. Þar sem uppgjórið nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár háður nokkurri óvissu vegna þess að greiðslur geta færst til milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilega miklum sveiflum í einstaka liðum.

Samkvæmt þessum tölum var handbært fé frá rekstri neikvætt um tæpar 300 m.kr. samanborið við 700 m.kr. jákvæða stöðu í fyrra. Hreinn lánsfjárfnuður var neikvæður um tæplega 3 milljarða króna en var nánast í járnnum á sama tíma í fyrra. Lakari staða nú skýrist nær alfarið af meira útstreymi af viðskiptareikningum en í fyrra.

Tekjurnar urðu 19,2 milljarðar króna og hækka um tæpar 600 m.kr. frá fyrra ári, eða um 3,1%. Skatttekjur námu 18,2 milljörðum króna og hækkuðu um 3,3% sem jafngildir um 1,9% raunhækkun. Innheimta tekjuskatta einstaklinga jókst um 13,2% frá sama tíma í fyrra en innheimta fjármagnstekjuskatts stendur nánast í stað. Innheimt tryggingagjöld lækka hins vegar um tæplega fjórðung miðað við janúar 2002. Almennir veltuskattar hækka um 8% á milli ára, eða sem nemur 6½% að raungildi. Hér skiptir í tvö horn þar sem tekjur af virðisaukaskatti dragast saman en aðrir veltuskattar aukast þar á meðal vörugjöld af ökutækjum sem skila nær fimmtungi meiri tekjum en í fyrra.

Greidd gjöld nema 19,5 milljörðum króna og hækka um 1,6 milljarða frá fyrra ári en það skýrist að mestu leyti af 1,3 milljarða króna greiðslu barnabóta. Í fyrra voru sambærilegar barnabætur greiddar í febrúarmánuði þannig að hér er um tilfærslu milli mánaða að ræða. Greiðslur til heilbrigðismála hækka um 300 m.kr. en greiðslur til atvinnumála lækka um 500 m.kr. og munar mestu um frestun greiðslna til Vegargerðarinnar. Aðrar breytingar milli ára eru minni. Greiðslur eru í heild 90 m.kr. umfram áætlun mánaðarins.

Lántökur innanlands námu tæpum 6 milljörðum króna en afborganir voru rúmar 300 m.kr. Þá voru greiddar 625 m.kr. til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 2 milljarða króna samanborið við 3,1 milljarð í janúar 2002.

### Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar (Í milljónum króna)

	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>
Innheimtar tekjur.....	13.737	17.398	17.579	18.622	19.202
- Sala eigna.....	0	0	0	0	0
Greidd gjöld.....	11.225	12.651	15.748	17.874	19.485
<b>Handbært fé frá rekstri.....</b>	<b>2.512</b>	<b>4.747</b>	<b>1.831</b>	<b>747</b>	<b>-283</b>
<b>Fjármunahreyfingar.....</b>	<b>-1.699</b>	<b>4.239</b>	<b>-1.693</b>	<b>-922</b>	<b>-2.715</b>
<b>Hreinn lánsfjárfnuður.....</b>	<b>813</b>	<b>8.986</b>	<b>138</b>	<b>-175</b>	<b>-2.998</b>
<b>Afborganir lána.....</b>	<b>-502</b>	<b>-158</b>	<b>-447</b>	<b>-389</b>	<b>-324</b>
Innanlands.....	-188	-158	-447	-389	-324
Erlendis.....	-314	0	0	0	0
<b>Greiðslur til LSR og LH.....</b>	<b>0</b>	<b>-500</b>	<b>-1.250</b>	<b>-750</b>	<b>-625</b>
<b>Lánsfjárfnuður. brúttó.....</b>	<b>311</b>	<b>8.828</b>	<b>-1.559</b>	<b>-1.314</b>	<b>-3.947</b>
<b>Lántökur.....</b>	<b>-2.063</b>	<b>3.030</b>	<b>3.369</b>	<b>4.400</b>	<b>5.964</b>
Innanlands.....	-2.088	2.984	3.368	4.418	5.964
Erlendis.....	25	46	1	-18	0
<b>Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....</b>	<b>-1.752</b>	<b>11.858</b>	<b>1.810</b>	<b>3.086</b>	<b>2.017</b>

**Tekjur ríkissjóðs janúar**  
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>
<b>Skatttekjur í heild.....</b>	<b>16.638</b>	<b>17.628</b>	<b>18.215</b>	<b>27,2</b>	<b>-0,8</b>	<b>6,0</b>	<b>3,3</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað.....</b>	<b>8.830</b>	<b>10.642</b>	<b>11.230</b>	<b>49,0</b>	<b>9,2</b>	<b>20,5</b>	<b>5,5</b>
Tekjuskattur einstaklinga.....	4.575	5.369	6.077	13,7	3,3	17,4	13,2
Tekjuskattur lögaðila.....	510	119	-19	67,9	94,7	-76,7	-116,0
Skattur á fjármagnstekjur.....	3.745	5.154	5.172	146,7	10,3	37,6	0,3
<b>Tryggingagjöld.....</b>	<b>1.790</b>	<b>1.832</b>	<b>1.411</b>	<b>9,4</b>	<b>-0,3</b>	<b>2,3</b>	<b>-23,0</b>
<b>Eignarskattar.....</b>	<b>601</b>	<b>376</b>	<b>436</b>	<b>37,9</b>	<b>11,7</b>	<b>-37,4</b>	<b>16,0</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu.....</b>	<b>5.375</b>	<b>4.739</b>	<b>5.119</b>	<b>11,0</b>	<b>-14,8</b>	<b>-11,8</b>	<b>8,0</b>
Virðisaukaskattur.....	3.152	2.651	2.490	6,0	-1,7	-15,9	-6,1
Aðrir óbeinir skattar.....	2.224	2.086	2.628	16,4	-28,3	-6,2	26,0
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	248	169	201	-6,3	-33,0	-31,9	18,9
Vörugjöld af bensíni.....	550	551	510	3,1	-3,3	0,2	-7,4
Þungaskattur.....	259	194	247	13,6	-46,6	-25,1	27,3
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR.....	391	406	819	51,5	-47,0	3,8	101,7
Annað.....	776	766	851	17,1	-17,4	-1,3	11,1
<b>Aðrir skattar.....</b>	<b>42</b>	<b>36</b>	<b>19</b>	<b>17,6</b>	<b>35,0</b>	<b>-14,3</b>	<b>-47,2</b>
<b>Aðrar tekjur.....</b>	<b>941</b>	<b>995</b>	<b>986</b>	<b>12,5</b>	<b>49,0</b>	<b>5,7</b>	<b>-0,9</b>
<b>Tekjur alls.....</b>	<b>17.579</b>	<b>18.622</b>	<b>19.202</b>	<b>26,7</b>	<b>1,0</b>	<b>5,9</b>	<b>3,1</b>

**Gjöld ríkissjóðs janúar**  
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>
<b>Almenn mál.....</b>	<b>1.458</b>	<b>1.827</b>	<b>1.734</b>	<b>38,8</b>	<b>-7,5</b>	<b>25,3</b>	<b>-5,1</b>
Almenn opinber mál.....	965	1.264	1.091	42,7	-5,3	31,0	-13,7
Löggæsla og öryggismál.....	494	563	642	31,9	-11,5	14,0	14,0
<b>Félagsmál.....</b>	<b>8.608</b>	<b>10.295</b>	<b>12.491</b>	<b>3,3</b>	<b>21,3</b>	<b>19,6</b>	<b>21,3</b>
Þar af: Fræðslu- og menningarmál....	2.404	2.870	2.967	-12,2	47,4	19,4	3,4
Heilbrigðismál.....	3.315	4.006	4.355	10,0	11,0	20,8	8,7
Almannatryggingamál.....	2.513	2.806	4.615	5,2	16,3	11,7	64,5
<b>Atvinnumál.....</b>	<b>2.879</b>	<b>2.694</b>	<b>2.204</b>	<b>8,4</b>	<b>56,6</b>	<b>-6,4</b>	<b>-18,2</b>
Þar af: Landbúnaðarmál.....	1.410	991	808	13,6	85,3	-29,7	-18,5
Samgöngumál.....	735	1.028	842	-3,5	5,9	39,9	-18,1
<b>Vaxtagreiðslur.....</b>	<b>1.755</b>	<b>1.849</b>	<b>1.679</b>	<b>81,1</b>	<b>26,2</b>	<b>5,4</b>	<b>-9,2</b>
<b>Aðrar greiðslur.....</b>	<b>1.047</b>	<b>1.209</b>	<b>1.378</b>	<b>-1,2</b>	<b>40,3</b>	<b>15,5</b>	<b>14,0</b>
<b>Greiðslur alls.....</b>	<b>15.748</b>	<b>17.874</b>	<b>19.485</b>	<b>12,7</b>	<b>24,5</b>	<b>13,5</b>	<b>9,0</b>